



Bls. 6



Á stærsta bornum

Bls. 10



Ekki benda á mig

Bls. 14



Farinn að lesa dagblöðin



4 frábærir kjúklingaréttir á aðeins

10-15 mín.





Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sættúni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Garðar Vilhjálmsson
Guðmundur P. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Ágúst Þorláksson
Elva Tryggvadóttir
Fjóla Jónsdóttir
Garðar Vilhjálmsson
Guðmundur P. Jónsson
Guðrún Kr. Óladóttir
Harpa Ólafsdóttir
Hjálmarfríður Þórðardóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hjördis Þorsteinsdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Margrét Davíðsdóttir
Oddný Einarisdóttir
Ólöf Björk Björnsdóttir
Sigriður Ólafsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurlaug Gröndal
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Þórdís Andrésdóttir
Þórir Guðjónsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir
Elin Baldursdóttir
Elin Hanna Kjartansdóttir
Hallsteinn Friðbjófnsson

Starfsafi

Marianna Traustadóttir
Jóna Vigdís Kristinsdóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír,
auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hæfir sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Á forsiðu

Borinn Geysir við boranir á
Reykjanesi

Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sættún 1
sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern
fimmtudag. Atvinnuleysisbætur eru
greiddar inn á bankareikning viðkomandi.
Sími úthlutunarnefndar er 510 7510
myndsendir: 510 7511



Sigurður Bessason

Nú er *mál að linni*

Undanfarna mánuði hefur það verið að koma betur og betur í ljós að íslensk stjórnvöld eru að missa böndin af þeirri umgjörð sem verið hefur um vinnumarkaðinn á liðnum áratugum. Þó að svartir sauðir hafi alltaf verið í stétt atvinnurekenda hér á landi hefur launafólk almennt getað treyst á að fyrirtækin virði lágmarkskjör og grundvallarréttindi. Nú eru alvarlegir brestir að koma í þennan varnarvegg. Ástæðan er fyrst og fremst viljaleysi stjórnvalda og umburðarlyndi samtaka atvinnurekenda gagnvart lögbrotum sem vinna gegn hagsmunum bæði launafólks og fyrirtækja sem fara að lögum.

Birtingarmynd þessarar neikvæðu þróunar er vinnusvæðið á Kárahnjúkum. Þar hafa stjórnvöld látið átölulaust eða horft framhjá hvernig Impreglio hefur komið sér hjá að virða meginreglur um launakjör, aðbúnað og skattgreiðslur af starfsmönnum. Þrátt fyrir hvatningu frá stéttarfélögunum og ASÍ um að taka á málum, hafa stjórnvöld litið undan og þannig óbeint hvatt erlenda auðhring til frekari landvinninga gegn kjörum og réttindum launamanna á Íslandi.

En þetta mál er þó löngu hætt að snúast eingöngu um Kárahnjúka. Eins og fram hefur komið hér í Eflingarblaðinu og Samiðn hefur einnig bent á, eru nú hundruð erlendra launamanna í vinnu hér á Reykjavíkursvæðinu án atvinnuleyfa. Þessir launamenn eru flestir algerlega komnir upp á náð og miskunn atvinnurekenda sinna sem í sumum tilvikum eru dæmdir lögbrotar.

Á undanförunum dögum hefur það loks verið að renna upp fyrir ráðamönnum í atvinnu-málaráðuneyti Íslands að verið er að vinna skemmdarverk á íslenskum vinnumarkaði. Efling-stéttarfélag hefur margbent á alvarlegar staðreyndir þessara mála undanfarin ár. Stéttarfélagin hafi á undanförunum árum hafnað atvinnuleyfi ákveðinna fyrirtækja þegar um lögbrot er að ræða en félagsmálaráðuneytið hefur horft framhjá þessum alvarlegu staðreyndum. Nú hefur ástandið versnað til muna. Óþrútttnir atvinnurekendur hafa fylgst með aðgerðaleyfi yfirvalda og í framhaldinu snúið sér að stórtækari innflutningi á fólki. Hér hafa vafasamir atvinnurekendur komist upp með að smygla inn í landið erlendum verkamönnum og borgað þeim skítakaup, ekki virt lágmarksréttindi þeirra og aðbúnaðarmál.

Nú er mál að linni. Það er löngu kominn tími til að stjórnvöld marki afstöðu til verndar grundvallarmannréttindum launamanna hér á landi. Erlent verkafólk sem kemur til landsins verður að hafa tilskildar heimildir fyrir vinnu sinni hér. Lögbrotar og óheildarlegir atvinnurekendur eiga ekki að komast upp með það að plata erlent vinnuaflið hingað til vinnu á röngum forsendum. Við eigum að standa vel að móttöku erlendra launamanna hér á landi og gæta þess að þeir gangi inn á heilbrigðan vinnumarkað, en hafni ekki í þrælubúðum sem þrífast í skjóli aðgerðaleyfis Samtaka atvinnurekenda og stjórnvalda.

Sigurður Bessason
formaður Efling-stéttarfélags

EFNISYFIRLIT

Kæruleiðir	4	Viltu kynna Íslandi	26
Stærsti borinn	6	Vopn gegn kennitöluflokkurum	27
Ekki benda á mig	10	Leikur að læra	28
Að taka á málunum	14	Útbreiddast á Norðurlöndum	30
Hvers virði er vinnutími?	16	Að sníða stakk eftir vexti	31
Langveiku börnin	17	Ofþyngd	32
Sparaðu 25 þúsund kall	18	Hver ber ábyrgð?	36
Tökum vel á móti Gallup	22	Barinn til dauða	38
Fordómar	24	Broadway	40
Efling styður fórnalömb í Asíu	25	400 kröfur	43



Starfsmatið

Kæruleiðir eftir matið

Frá febrúar er hægt að leggja inn beiðni um endurmat á starfsmati

Reykjavíkurborg hóf í lok síðasta árs að greiða laun samkvæmt nýju starfsmati. Launanefnd sveitarfélaga, sem tekur m.a. til félagsmanna Eflingar hjá Kópavogsbæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ, fylgdi síðan í kjölfarið og var ýmist farið að greiða samkvæmt niðurstöðum starfsmatsins í

desember 2004 eða janúar 2005.

Ljóst er að starfsmat er viðvarandi verkefni þar sem tryggt er að kerfið endurspegli vinnumarkað og kröfur til starfsmanna á hverjum tíma. Mikilvægt er því að endurmeta störf með reglulegu millibili til þess að fylgja eftir breytingum og þróun á störfum.

Starfsmatsnefnd fjallar um mat á nýjum störfum og endurmat á störfum sem tekið hafa breytingum. Ef einhver vafi leikur á niðurstöðum starfsmatsins er nú frá 1. febrúar hægt að leggja inn beiðni um endurmat á störfum. Hægt er að fá nánari upplýsingar um áfrýjunarleiðir hjá félaginu og á heimasíðu Reykjavíkurborgar annars vegar; www.reykjavik.is og heimsíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga; www.samband.is hins vegar.

Kjarasamningur launanefndar sveitarfélaga er laus 30. apríl nk. og hjá Reykjavíkurborg er hann laus 30. nóvember á þessu ári.

Dansað á mörkum draums og veruleika kynóra og kvalræðis

ER HÆGT AÐ HAFNA STJÓRN
Á DRAUMUM SÍNUM
ÞEGAR LÍFIÐ ER Í ÓLESTRI ?



LEIKARAR

Álfrún Örnólfsdóttir
Edda Björg Eyjólfsdóttir
Ellert A. Ingimundarson
Marta Nordal
Þór Tulinius



LÉTTBJÖR

Segðu mér allt

eftir Kristínu Ómarsdóttur

Leikstjóri: Auður Bjarnadóttir

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3 • 103 Reykjavík
Miðasala 568 8000 • www.borgarleikhus.is



Félagsmenn Eflingar eru víða

Borsvæðið á Reykjanesi heimsótt

Stærsti bor sem Jarðboranir eiga

Félagsmenn Eflingar eru víða að störfum. Þegar við öfum um Hellisheiðina og hofum í átt til Skíðaskálans í Hveradölum, blasa við gufustrókar frá mörgum borholum Orkuveitunnar. Þar hafa starfsmenn, m.a. félagsmenn Eflingar verið að störfum undanfarna mánuði. Háhitaholur á Hellisheiði og á Reykjanesi hafa einmitt verið eitt helsta verkefni fyrirtækisins síðustu árin. Bæði fyrirtækin eru komin á fulla ferð í byggingu jarðvarmavirkjana, sem m.a. munu framleiða raforku fyrir stækkun Norðuráls. Fréttablað Eflingar leit við hjá Jarðborunum á Reykjanesi

fyrir skömmu, en um þessar mundir starfa 35 félagsmenn Eflingar hjá fyrirtækinu og vinnur hluti þeirra við boranir á Reykjanesi.

Jón Árni Jónsson, verkstjóri sat við skrifborð í vistlegum skála og gaf bílstjóra á flutningabíl sem var nýkominn á staðinn fyrirmæli í talstöð. Þegar samtalinu lauk bauð hann blaðamann velkominn.

Jón Árni hefur unnið hjá Jarðborunum samfelld í sjö ár sem bormaður en upp á síðkastið hefur hann séð um verkstjórn á staðnum. Ætlunin er að bora fjórar holur í þessari törn og hófst framkvæmdir við fyrstu borholuna í byrjun desember og við áætluð að það taki fjórar til fimm vikur og bora hverja holu. Borinn sem er notaður við verkið var smíðaður á Ítalíu og kom til landsins í ágúst síðastliðnum. Hann hlaut nafnið Geysir og er stærsti bor sem Jarðboranir eiga. Fyrsta verkefni hans var að bora tvær gufuholur á Hellisheiði síðastliðið haust. Jón Árni sagði að borunin á fyrstu holunni við Reykjanesvita væri lokið og hún hefði endað í 1800 metrum. Núna er unnið að því að flytja Geysi að næstu holu og það þarf ekki færri en 50 aftanívagna til þess að koma honum þangað. Ef allt gengur að óskum getum við byrjað að bora aftur eftir um það bil tíu daga.

Jón Árni hefur unnið hjá Jarðborunum bæði innan lands og utan. Fyrir sex árum fór ég til starfa á Írlandi á vegum fyrirtækisins og svo hef ég farið í nokkrar ferðir til Azoreya í sama tilgangi og það var mjög skemmtileg lífsreynsla, sagði Jón Árni að lokum.

Hvað gera Jarðboranir?

Upphaf jarðborana hér á landi má rekja allt til ársins 1945 þegar Jarðboranir ríkisins litu dagsins ljós. Aðalverkefni fyrirtækisins var að bora eftir heitu vatni og núna er jarðhitaorkan aðal hitagjafi þjóðarinnar. Með árunum bættust fleiri verkefni við í nýtingu auðlinda í jörð s.s. öflun á gufu, köldu ferskvatni og jarðsjó.

Í ársbyrjun 1986 voru Jarðboranir ríkisins og Gufubor ríkisins og Reykjavíkurborgar sameinaðir og hlaut nýja

fyrirtækið nafnið Jarðboranir hf. Nokkrum árum seinna var svo efnt til almenns útboðs á hlutabréfum og hefur það stuðlað að dreifðri eignaraðild að fyrirtækinu m.a. með þátttöku almennings.

Starfsemi fyrirtækisins erlendis hófst árið 1981 og var fyrsta borunarverkefnið í Færeyjum. Síðan hafa mörg verkefni fylgt í kjölfarið og það nýjasta er borun á vinnsluholum vegna háhitavirkjunar á Azoreyjum.

Við viljum fá að vera með í næstu verðkönnun!

**Það er ekkert mál að vera með lægsta verðið
þegar vörurnar eru ekki til**

Í verðkönnun ASÍ var ekki kannað verð í búiðinni okkar. Kannski héldu þau að við værum bara búið fyrir fyrirtæki, ekki einstaklinga. En við erum **birgðaverslun fyrir alla**. Svo við gerðum okkar eigin könnun. Við erum með **lægsta verðið** í 10 af 59 vöruflokkum. Við erum með **næstlægsta verðið** í 23 vöruflokkum. Og síðast en ekki síst: **Við áttum vörurnar til!**

**Gripíð
& greitt**

MIKIÐ FYRIR ALLA



Margir vinnutímar á bak við kaupið

-segir Tóbías Þórður Brynleifsson

Tóbías Þórður Brynleifsson sat við stjórnborðið á Geysi og var að taka upp stangir sem voru notaðar til þess að mæla dýpt holunar eftir að borun lauk. Hann sagðist hafa unnið hjá Jarðborunum í fjögur ár og starfið ætti ágætlega við sig.

Ég vinn á tólf tíma vöktum í átta daga og á svo frí í fjóra daga. Launin eru góð en það eru líka margir vinnutímar sem liggja að baki á útborgunardegi. Við höfum aðgang að gallaskúr þar sem við höfum fataskipti og notalegri kaffistofu.

Í hádeginu er boðið upp á heitan mat og líka á kvöldin en þá bætist næturvaktin í hópinn. Svo er alltaf hægt að hita upp mat sem verður afgang, sagði Tóbías og hélt áfram að ýta á takka og hreyfa pinna á stjórnborðinu.

Ellert Jóhann Hreinsson

Öll aðstaða til fyrirmyndar

Ellert Jóhann Hreinsson hóf störf hjá Jarðborunum í september síðastliðnum. Hann er mastursmaður. Hann sagði að starfsheitinu fylgdi að sjá um blöndunarkör á borpallinum. Það þarf að blanda sérstaka gelledju sem er dælt niður með bornum og svo er óhreinindum dælt upp úr holunni. Launin eru alveg þokkaleg og öll aðstaða fyrir starfsmenn er til fyrirmyndar.

Ég er búsettur á Flúðum og vaktirnar eins og þær eru settar upp hér henta mér ágætlega m.a. vegna þess að mér finnst tíminn nýtast betur til samvistar með fjölskyldunni þá fjóra daga sem ég á frí þegar átta daga vaktinni lýkur, sagði Ellert og brosti.





Hvar er dómsmálaráðherra?



Málið í rannsókn

- segir Einar Laxnes

Blaðið hafði samband við Einar Laxnes hjá lögreglunni í Reykjavík um 20. febrúar. Fram kom að þetta mál er enn í rannsókn þremur mánuðum eftir að Atli Gíslason skrifaði lögreglunni.

Svífasein stjórnvöld og brenglað kerfi

Ekki benda á mig!!

Í janúarblaði Eflingar var mál rakið þar sem sex Litháar komu á skrifstofu Eflingar-stéttarfélags og sögðu frá því að þeir væru að fara úr landi launalausir eftir svik atvinnurekenda þeirra. Þeir höfðu verið að vinna hjá fyrirtækinu Perla ehf sem er í byggingariðnaði. Þeir sögðu jafnframt frá því að hjá Perlu ehf. ynnu um það bil 25 starfsmenn án allra leyfa, þ.e. atvinnu- og dvarlarleyfa.

Efling hafði þegar í stað samband við Útlendingadeild lögreglunnar í Reykjavík, sem handtók þrjá eða fjóra menn og færði til yfirheyrslu. Byggingarfyrirtækið er rekið af Eysteini Gunnari Guðmundssyni sem árið 2002 fékk mjög vægan dóm fyrir að hafa á vegum fyrirtækisins Eystrasaltsviðskipta haft í vinnu nýu útlendinga án atvinnu- og dvarlarleyfa. Mál þessi sýna hve yfirvöld eru gersamlega vanmegna að taka á alvarlegum brotum vafasamra fyrirtækja gegn launafólki hér á landi, í þessum tilvikum útlendingum.

24. nóvember sl. ritaði Atli Gíslason, lögmaður Eflingar-stéttarfélags, bréf til Lögreglunnar í Reykjavík, Vinnumálastofnunar, Útlendingastofu og Félags- og Dómsmálaráðuneytis og krafðist þess að þegar í stað yrði brugðist við þessum lögbrotum með lögreglurannsókn og öðrum opinberum aðgerðum.

Félagsmálaráðuneytið svaraði bréfi

Yfirvöld eru gersamlega vanmegna að taka á alvarlegum brotum vafasamra fyrirtækja

inu 28. janúar 2005 eða um tveimur mánuðum síðar og tilkynnti að þetta tiltekna mál sem snerti atvinnuréttindi útlendinga, félli undir verksvið lögreglunnar og taldi ráðuneytið sig ekki hafa lagaheimildir til athafna í málinu. Ráðuneytinu var kunnugt um rannsókn lögreglunnar. Bent skal á að þetta er

sama ráðuneytið og samþykkir atvinnuleyfi til fyrirtækja, stundum í andstöðu við stéttarfélagin.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið svaraði bréfinu 1. febrúar en þá var komið á þriðja mánuð frá því Atli Gíslason, lögmaður, krafðist aðgerða í málinu. Þar tilkynnti ráðuneytið að þar sem málið væri til rannsóknar hjá lögreglu, verði ekki um frekari aðgerðir af hálfu ráðuneytisins í málinu.

Hjá útlendingadeild lögreglunnar kom fram í fyrri hluta janúarmánaðar að málið væri þar enn til rannsóknar. Þegar spurst var fyrir um hvað orðið hefði af mönnunum eftir yfirheyrslur var fátt um svör. Þorsteinn Skúlason, sem starfar hjá lögfræðideild lögreglunnar, upplýsti að hann hefði ekki haft tíma til að skoða málið, þar sem hann væri nýkominn úr fríi. Heimildir Fréttablaðs Eflingar þá hermdu að mönnunum hefði verið sleppt og væru aftur komnir til starfa hjá umræddu svika-fyrirtæki.

Þú verður að lifa með því
að það heitir ekki sláandi nafni.

Í staðinn þarftu ekki
að lifa við húðertingu.



Neutral Deo Roll-On (án vínanda) er mildur svitalyktareyðir
sem virkar allan daginn.
Hann er framleiddur úr úrvals efnum til þess að minnka
hættu á ofnæmi og ertingu.
Neutral vörurnar eru viðurkenndar af dönsku astma-og
ofnæmissamtökunum.



Neutral vörurnar eru viðurkenndar
af dönsku astma- og ofnæmissamtökunum.

Neutral[®]
verndar viðkvæma húð



Sólveig Thorarensen

Sólveig Thorarensen

Góð réttindi til náms mest á óvart

- trúnaðarmenn kynnst samningum og félaginu

Trúnaðarmannanámskeið I var haldið í fræðslusetri Eflingar vikuna 7. - 11. febrúar sl. Alls sóttu 18 trúnaðarmenn þetta námskeið og var það almennt skoðun trúnaðarmanna að þessi námskeið hjálpuðu mikið til við sín

daglegu störf sem trúnaðarmenn úti á vinnustöðum. Stór hluti hópsins ákvað að skrá sig strax á Trúnaðarmannanámskeið II sem verður haldið 14. - 18. mars n.k. og hvetjum við alla trúnaðarmenn sem hafa lokið

námskeiði I að skrá sig á það. Enn eru nokkur sæti laus!

Sólveig Thorarensen er leiðbeinandi á Leikskólanum Ægisborg og tók við starfi trúnaðarmanns í haust. Hún sagði að fyrir utan réttindi og skyldur trúnaðarmanna í starfi hefði mikið verið rætt um innra starf félagsins, kjarasamninga og samskipti. Það kom mér kannski mest á óvart þegar sjóðir félagsins voru til umræðu, hvað við höfum fjölþætt réttindi til náms og mikil réttindi í sjúkrasjóðnum. Eins kom mér á óvart hvað við erum vel tryggð gagnvart atvinnuleysi.

Annars held ég að starfsmenn almennt á vinnustöðum viti fremur lítið um starfssvið trúnaðarmanna og leiti því ekki eftir aðstoð þeirra í nógu miklum mæli. Það er allavega mín tilfinning. Til að ráða bót á þessu leitaði ég til félagsins og fékk þau svör að starfsmaður frá þeim gæti komið á vinnustaðinn minn, með kynningu um starfssvið trúnaðarmanna, ef þess væri óskað og við eigum von á honum fljótlega.

Ég hef haft mjög mikið gagn að námskeiðinu og mér finnst frábært hvað félagið stendur vel að fræðslumálum almennt. Leiðbeinendurnir hafa allir staðið sig mjög vel og ég stefni að því að komast á næsta námskeið, sagði Sólveig að lokum.

Skemmtileg vika og frábærir leiðbeinendur

- segir Andrés P. Garðarsson

Andrés P. Garðarsson, vinnur á Endurvinnslustöðvum Sorpu og gegnir starfi trúnaðarmanns, fyrir 40 starfsmenn sem vinna á ný endurvinnslustöðvum í borginni. Ég tók við starfinu í haust og fann fljótlega að ég þurfti á meiri þekkingu að halda og ákvað því að fara á þetta námskeið og sé ekki eftir því. Námsfnið fjallar m.a. um réttindi og skyldur trúnaðarmanna og Eflingarfélaga almennt. Þá er talsvert fjallað um kjarasamninga og starfsemi félagsins. Ég var eins og þorskur á þurru landi fyrsta daginn en núna er ég mun betur undirbúinn til að takast á við starfið. Mér skilst að félagið bjóði upp á framhaldsnámskeið og ég er ákveðinn að sækja um, því að þessi vika hefur verið mjög skemmtileg og leiðbeinendurnir eru frábærir, sagði Andrés og brosti.



Andrés P. Garðarsson

Við byrjum snemma



Dalvegur 4

virka daga: 6 - 18

lau. 6 - 17

sun. 7 - 17

Hamraborg 14


virka daga: 8 - 18

lau. 8 - 16

sun. 9 - 16

Góð brauð - betri heilsa





Við útskrift lesblindunámskeiðsins sýndi Anton Lyngdal þetta listaverk um lesblindu. Um er að ræða 9 myndir sem sýna veruleikan fyrir og eftir Ron Davíðs námskeiðið.




Meira að segja farinn að lesa dagblöðin

- segir Anton Lyngdal

Anton Lyngdal er starfsmaður í eldhúsi Hrafnistu, starfar þar sem lagerstjóri. Áður starfaði hann í Kaffi Konditori og hefur því verið Eflingarfélagi um nokkurn tíma. Hann segist hafa frétt af námskeiðinu í gegnum fréttablað Eflingar en áður hafði hann heyrt um Ron Davis aðferðina - tók einnig þátt í myndlistarsýningu þar sem lesblindir listamenn sýndu verk sín í tengslum við kynningu á aðferðarfræði Ron Davis hér á landi. Anton er liðtækur myndlistarmaður og „graffí“ og setti upp listaverk sem hann sýndi við útskrift á lesblindunámskeiðinu og túlkar heiminn fyrir og eftir lesblindunámskeið (sjá mynd).

Ég fór í verklegt listanám við Fjölbraut í Breiðholti á síðasta ári og stefni á að fara í listasögu í haust, en í það hefði ég ekki treyst mér nema ég hefði fyrst farið í gegnum þetta lesblindunámskeið. Ég stefni á að klára 36 einingar í Fjölbraut, en með þessu námi fæ ég





Fyrstu fjórar myndirnar sýna lokaða bók, letur í móðu, dimmt umhverfi og leiðinlega skólastofu. Eftir Ron Davíðs námið (miðjumyndina) er lífið opin bók, skýrt letur, bjart umhverfi og skemmtileg skólastofa.

7 einingar metnar og þá á ég möguleika á að komast inn í Listaháskólann ef ég get sýnt færni og kunnáttu með verkum mínum.

En Anton er ekki bara í myndlist heldur er hann líka „graffari“, þ.e. tekur að sér að sprauta veggj og skreyta svo úr verða veggjastór listaverk.

- Ég er núna að fara að skreyta heilan

vegg heima hjá samstarfsmanni mínum sem er kokkur hér á Hrafnistu, en ég hef

Innan Eflingar - stéttarfélags er margt hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk sem vill og getur farið í frekara nám

graffað nokkra veggj heima hjá fólki.

Námið segir Anton hafa opnað sér nýjan heim, hann sé sjálfstýrðari, hafi lært að stilla sig af gagnvart fólki („stilla skífuna“ eins og lesblindir segja) og allt hugarfar hafi breyst; ég er meira að segja farinn að lesa dagblöðin í dag, segir Anton Lyngdal kátur og glaður með lífið og tilveruna.

Lesblinda - Aftur í nám

Taka á málunum

- annar hópur lesblindra Eflingarfélaga útskrifast

Nýlega útskrifuðust 12 einstaklingar á aldrinum 20 - 50 ára úr námi þar sem tekið var á lesblindu og almennt á skriftar- og lestrarörðuleikum. Námið, sem er rekið af Mími - símenntun í samvinnu við Eflingu, heitir Aftur í nám og er samtals 95 kennslustundir.



Garðar Vilhjálmsson



Hulda Ólafsdóttir

Efling og starfsmenntasjóðir félagsins hafa styrkt félagsmenn með lesblindu til að takast á við skriftar- og lestrarerfiðleika með því sækja þessi sérhönnuðu námskeið kennd við Ron Davis. Námskeiðið, sem var annað lesblindunámskeiðið sem Efling stóð að með Mími og V.R., hófst þann 16. nóvember með sjálfstyrkingu, síðan voru einkatímarnir með Ron Davis ráðgjafa, eftir það var farið í tölvutíma og íslensku og að lokum fóru allir til námsráðgjafa. Námskeiðinu lauk með útskrift þann 10. febrúar s.l.

Að sögn Huldu Ólafsdóttur, fram-

kvæmdastjóra Mímis, er hér um mikið hagsmunamál launafólks að ræða enda er áætlað að allt að 15.000 Íslendinga á aldrinum 15 – 65 ára, eigi við mjög mikla eða umtalsverða lestrarörðuleika að stríða. Undir þetta tekur Garðar Vilhjálmsson fræðslustjóri Eflingar sem segir stóran hluta Eflingarfélaga þurfa að takast á við lesblindu og oft sé þetta þröskuldur fyrir frekara námi.

Innan Eflingar - stéttarfélags er margt hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk sem

vill og getur farið í frekara nám og nefni ég sem dæmi Anton Lyngdal starfsmann á Hrafnistu (sjá viðtal). Það er skylda okkar sem störfum innan stéttarfélaganna að standa að baki þessa fólks. Menntun bætir hæfni, eykur þekkingu og gefur lífssýllingu þekking og hæfni eru lykill að betri kjörum og lífsskýrðum, segir Garðar Vilhjálmsson.

Hulda segir að stóri þröskuldurinn fyrir námi af þessu tagi séu fjármálin. Hér er um dýrt nám að ræða þar sem mikil hluti þarf að fara fram í einkakennslu og ekki sé ljóst hver skuli bera ábyrgðina á því að fullorðin fólk nái tökum á lestri.

Við skipulagningu þessa námskeiðs sem nú er að ljúka, kom oft upp í huga mér textabrot frá Bubba „Ekki benda á mig“. Enginn vill taka ábyrgðina á þeirri staðreynd að tugir þúsunda fullorðinna Íslendinga eiga við lestrarerfiðleika að stríða. Menntamálaráðuneytið telur sig hafa takmarkaða ábyrgð, sveitafélögin enn minni og hvað þá einstakar skólastofnanir. En sem betur fer eru til öflugir starfsmenntasjóðir sem styðja vel við bakið á félagsmönnum, segir Hulda Ólafsdóttir.



Fréttablað Eflingar spyr

Hvers virði er vinnutími verkafólks?

Fjöldi vinnustunda verkafólks hefur aukist umfram aðrar stéttir

Launastefna undanfarin ár hefur leitt til jákvæðrar þróunar kaupmáttar hjá verkafólki og öðrum stéttum. Þetta þýðir með öðrum orðum að launahækkanir hafa verið meiri en almennar verðlagshækkanir. Þetta gildir einnig um síðasta ár þegar verðbólgan var við efri viðmiðunarmörk verðbólgu markmiðs Seðlabanka Íslands eða rétt innan við 4%. Launavísitalan hækkaði hins vegar um 6% og var því kaupmáttur launa rétt yfir 2% fyrir árið 2004.

Ef að við skoðum launaþróun verkafólks, þá hafði meðaltal reglulegra launa, þ.e. mánaðarlaun fyrir fullt starf hækkað um 50,5% frá þriðja ársfjórðungi 1998 til þriðja ársfjórðungs 2004 eða úr 101.100 kr. í 152.200 kr. Sé sama þróun skoðuð fyrir allar stéttir, þá var hækkunin 55,4% eða úr 132.400 kr. í 205.800 kr. Þetta þýðir með öðrum orðum að laun verkafólks hafa hækkað minna en laun allra stétta í heild. Það er þó rétt að taka það fram að lægstu launin hækkuðu talsvert meira á þessu tímabili.

Þá er athyglisvert að bera saman þróun heildarlauna verkafólks við aðrar

stéttir annars vegar og þróun vinnustundafjölda fyrir sama hópa hins vegar. Á meðan vinnutíminn er almennt að stytast hefur sama þróun ekki verið að eiga sér stað meðal verkafólks. Þannig var heildarvinnustundafjöldi hjá öllum stéttum í heild að lækka úr 46,6

Félög launafólks geta ekki sætt sig við það að verkafólk þurfi sífellt að fórna meira af sínum frítíma í samanburði við aðrar stéttir og bera samt sem áður hlutfallslega minna úr býtum

stundum á þriðja ársfjórðungi 1998 í 44,8 stundir á þriðja ársfjórðungi 2004 á meðan heildarvinnustundafjöldi hjá verkafólki var nánast óbreyttur eða 48 stundir. Því skýtur það skökku við að fyrir sama tímabil skuli heildarlaun verkafólks hækka minna en hjá öllum stéttum í heild eða um 47,5%, úr 148.100 kr. í 218.500 kr. Heildarlaun hjá öllum stéttum hækkuðu hins vegar um tæplega 51% á sama tímabili eða úr

176.200 kr. í 265.500 kr. Hluti af skýringunni felst í því að almennt launaskrið er minna hjá verkafólki en öðrum stéttum.

Að vera vel á verði

Með nýju frumvarpi um breytingu á lögum um helgidagafríð er enn verið að höggva í frítíma launafólks. Frumvarpið felur í sér að smærri matvöruverslanir geta verið opnar alla daga ársins fyrir utan jóladag. Lengri opnunartími verslana felur ekki einungis í sér lengri viðveru verslunarfólks, því að kröfur um aukna þjónustu á aðföngum, svo sem brauði og mjólkurvörum eykst að sama skapi. Þar koma margar hendur verkafólks til sögunnar.

Það er alveg ljóst að stéttarfélagin verða að vera vel á varðbergi þegar kemur að því að endurskoða opunarárkvæði kjarasamninga í nóvember á þessu ári með tilliti til almennra verðlagshækkana og launahækkana annarra stétta. Félag launafólks geta ekki sætt sig við það að verkafólk þurfi sífellt að fórna meira af sínum frítíma í samanburði við aðrar stéttir og bera samt sem áður hlutfallslega minna úr býtum.



Starfi nefndar lýkur með góðum árangri

Bætt staða foreldra langveikra barna

- segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Það er enginn vafi á því að þessar tillögur hafa í för með sér bættar réttarstöðu foreldra langveikra barna, segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, 1. varaformaður Eflingar í samtali við Eflingarblaðið, en hún hefur undanfarin ár starfað tilnefnd af ASÍ í nefnd á vegum Félagsmálaráðneytisins um réttarstöðu foreldra langveikra barna undanfarin ár.

Nefndarstarfinu var að ljúka og skiladi nefndin inn tillögum að nýju réttindakerfi fyrir foreldra langveikra barna. Nefndin leggur til að framlag ríkisins komi fram í greiðslum til foreldra langveikra barna í allt að þrjá mánuði sem ætlað er að komi til móts við sannanlegt tekjutap þeirra. Hið sama ætti við

um foreldra fatlaðra barna þegar þau greinast með alvarlega fötlun. Lagt er til að greiðslurnar nemi um 90.000 kr á mánuði.

Þetta kerfi verður innleitt í áföngum og er gert ráð fyrir einum mánuði fyrsta árið og síðan öðrum á næsta ári og síðan þriðja á þriðja ári frá gildistöku.

Ennfremur er lagt til að ef barn veikist mjög alvarlega eða greinist með mjög alvarlega fötlun þannig að ljóst þykir að annað foreldrið geti ekki stundað vinnu í lengri tíma eigi foreldri barnsins rétt til greiðslna í allt að 9 mánuði.

Lagt er til að kerfið taki gildi í áföngum þannig að fyrstu 3 mánuðirnir komi inn fyrsta árið og síðan 3 mánuðir á ári þar til 9 mánuðum er náð.

Langflestir sjúkra- og styrktarsjóðir stéttarféлага hafa tekið upp í sínar samþykktir að greiða foreldrum langveikra barna sjúkradagpeninga allt frá nokkrum vikum upp í 270 daga. Lagt er til við stjórnir sjúkrasjóða og stéttarféлага að þessi réttur verði að lágmarki þrír mánuðir.

Hjá Eflingu-stéttarfélagi er þessi réttur 150 dagar sem foreldrar geta sótt um.

Þessar tillögur eru veruleg réttarbót fyrir foreldra langveikra barna og gott skref á lengri leið sem samfélagið verður að tryggja þeim foreldrum sem eru frá vinnumarkaði í mun lengri tíma en hér um ræðir, segir Þórunn.



Danfoss er leiðandi í framleiðslu ofnhitastilla

Danfoss ofnhitastillar

Háþróuð og notendavæn
hitastýring sem veitir
þægilega húshitun og
hámarks orkusparnað

Danfoss hf

Skútuvoði 6 104 Reykjavík
Sími 510 4100 • www.danfoss.is



Ekki sama hvar mjólkinn er keypt!!!

Sparaðu 25 þúsund kall á ári!!!!

Verðlagseftirlit ASÍ gerði nýverið viðamikla könnun á matvöruverði í verslunum á höfðuborgarsvæðinu. Meðal þess sem fram kom var að mikill munur er á verði mjólkurafurða á milli verslana. Mjólk og mjólkurafurðir eru stór hluti af matarinnkaupum flestra, ekki síst hjá barnafjölskyldum. Því má lækka mataræikinginn umtalsvert með því að huga hvar þessar vörur eru keyptar. Ef tekið er dæmi af fjölskyldu sem neytir eftirfarandi mjólkurvara á viku má sjá að sparnaðurinn á ári getur verið þó nokkur.

Margar fjölskyldur neyta eflaust nokkuð meira magns mjólkurvara en hér er áætlað og því getur sparnaður þeirra verið enn meiri. Sem dæmi

	Neysla á viku	Munur á hæsta og lægsta verði
Mjólk	10 lítrar	9.360 kr.
Jógúrt	4 litlar dósir	2.912 kr.
Skýr	4 litlar dósir	5.200 kr.
AB mjólk / súr- mjólk	1 líter	1.352 kr.
Smjörvi	1 askja	2.962 kr.
Brauðostur 26%	700 gr.	2.052 kr.
Rjómi	1 peli aðra hverja viku	1.092 kr.
Samtals		24.930 kr.

Taflan sýnir sparnað á ári miðað við hæsta og lægsta verð í könnuninni

má nefna að þeir sem kaupa stoðmjólk handa ungum börnum geta sparað rúmlega fimm þúsund krónur á ári ef keyptur er ½ lítri á dag, og ef keyptar eru fimm fernur af kókómjólk í viku í nestispakkann má spara tæplega sex þúsund krónur á ári.

Það getur því borgað sig að vera forsjáll og áætla alla neyslu fjölskyldunnar á mjólkurvörum, nokkra daga fram í tímann, og gera öll innkaupin þar sem verðið er lægst. Auk mjólkurvara og osta var kannað verð á ýmsum þurrvörum, brauði, kexi og grænmeti og ávöxum.

Niðurstöður könnunarinnar í heild má finna á heimasíðu Alþýðusambandsins, www.asi.is

„Ég hefði viljað að myndirnar yrðu sameign ykkar allra“

Sjá tilboð >


sagði Kjarval eftir opnun málverkasýningar sinnar í Listamannaskálanum 13. febrúar 1945, þegar nær öll verkin seldust upp á 20 mínútum.

Með útgáfu Kjarvalsbókarinnar má segja að loks sé hægt að uppfylla ósk Kjarvals um sameign allra á myndum hans.

Lífshlaup Kjarvals er ævintýri líkast. Saga fátæks alþýðupilts sem braust til mennta og varð einn merkasti listamaður þjóðarinnar og goðsögn í lifanda lífi. Með verkum sínum opnaði hann augu Íslendinga fyrir töfrum og tign landsins og því dulmagni sem hann skynjaði í náttúrunni.

Listasafn ASÍ varðveitir nokkur af stórbrotnustu verkum Kjarvals og mun hluti af andvirði hvernar seldrar bókar til félagsmanna í Alþýðusambandi Íslands renna í listaverkakaupsjóð safnsins.

Kristín G. Guðnadóttir, safnstjóri Listasafns ASÍ



Nesútgáfan
Pósthólf 111
172 Seltjarnarnesi

„Þessi bók verður
viðmið í útgáfu
listaverkabóka
á Íslandi í
framtíðinni.“

Dr. Ólafur Kvaran
safnstjóri Listasafns Íslands

640
síður



Nafn korthafa _____

Kennitala _____

Sími _____

Heimili _____

Staður _____

Já takk – ég vil tryggja mér Kjarval á tilboðsverði, 14.900 kr.

fjöldi eintaka ☐ á íslensku ☐ á dönsku ☐ á ensku

alls kr. _____

☐ VISA

☐ MASTERCARD

kortnúmer _____ – _____ – _____ – _____

gildistími _____ / _____

undirskrift korthafa _____

☐ Greiðsla í einu lagi 15. október 2005

☐ Léttgreiðslur 2.980 kr. á mánuði í 5 mánuði frá 15. október 2005

Fyrsta heildarritið um einn merkasta listamann þjóðarinnar – sjálfsgöð eign á hverju menningarheimili.

Útgáfudagur er 15. október en þá verða liðin 120 ár frá fæðingu Kjarvals.

Kjarval

á einstöku tilboði til þín!



Í haust kemur út hjá Nesútgáfunni vegleg bók um Jóhannes S. Kjarval listmálara. Í þessu glæsilega verki eru list Kjarvals og lífshlaupi gerð ítarleg skil í máli og myndum. Höfundarnir, þau Kristín G. Guðnadóttir listfræðingur, Silja Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur og Gylfi Gíslason myndlistarmaður, varpa skýru ljósi á hinn margbrotna snilling svo lesendur fá nýja sýn á persónu hans og listsköpun. Verkið er unnið í samráði við fjölskyldu Kjarvals sem veitti aðgang að miklu magni myndefnis og ritaðra heimilda.

Bókin er 640 blaðsíður í stóru broti, prýdd ríkulegu úrvali af málverkum og teikningum listamannsins ásamt ljósmyndum úr lífi hans og starfi. Auk megintextans eru í bókinni styttri greinar eftir Matthías Johannessen skáld og Arthur Danto listheimspeking. Einnig er þar að finna yfirgrípsmikla, myndskreytta annála og ítarlegar skrár, s.s. yfir sýningar Kjarvals og verk hans í söfnum, heimilda- og tilvísanaskrár og nafnaskrá.

Bókin kemur jafnframt út á ensku í þýðingu Bernards Scudder og á dönsku í þýðingu Eriks Skyum-Nielsen.

Tilboðsverð
fyrirfélagsmenn
Eflingar

14.900 kr.

fulltverð
18.900 kr.

Pantaðu núna og borgaðu seinna

Pantaðu á www.nesutgafan.is
og sparaðu þér 4.000 krónur
af verði þessarar veglegu bókar!
Það er öruggt og auðvelt.

Þú getur valið um að greiða pöntunina í einu lagi eða með léttgreiðslum í 5 mánuði. Því fylgir enginn aukakostnaður og þú byrjar ekki að borga fyrir en í október þegar bókin kemur út.

Einnig er hægt að nota pöntunarseðilinn hér til hliðar.



Grunnmenntaskólinn

Í fimmta sinn

- metinn sem 25 eininga nám í framhaldsskóla

Nemendur að störfum í Grunnmenntaskólanum við Öldugötu

Grunnmenntaskólinn fer af stað í fimmta sinn nú í byrjun mars. Námið er 300 stundir og skiptist á tvær annir, vor- og haustönn. Kennsla fer fram síðdegis tvisvar í viku og tvo laugardaga í mánuði.

Gunnlaug Hartmannsdóttir, hjá Mími-símenntun segir að markmið námsins sé að auka hæfni til starfs og náms með því að styrkja grunninn, efla sjálfstraust og samskiptahæfni og þjálfa sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð. Þá er lögð áhersla á að skapa gott og hlýlegt andrúmsloft þar sem nemendur taka virkan þátt. Kennslan miðast við þarfir og getu hvers og eins. Helstu námsgreinar eru: íslenska, enska, stærðfræði og tölvur.

Mikil áhersla er lögð á að tengja tölvukennslu við kennslu í öðrum greinum m.a. með verkefnavinnu. Einnig er farið í sjálfstyrkingu, samskipti og náms- og starfsráðgjöf. Allt námið er miðað við að þátttakendur hafi ekki farið í frekara nám að loknum grunnskóla eða langur tími sé liðinn frá því að þeir sátu síðast á skólabekk.

Námið í Grunnmenntaskólanum er einstaklingsbundið nám án prófa. Fyrir

Mikil áhersla er lögð á að tengja tölvukennslu við kennslu í öðrum greinum m.a. með verkefnavinnu

liggur samþykki menntamálaráðuneytisins á því að meta námið til eininga á framhaldsskólastigi.

Kennsla hefst 7. mars og fer fram að Öldugötu 23, Gamla Stýrimannaskólanum. Nemendur munu þurfa að bera einhvern kostnað en geta sótt um styrki fræðslusjóða Eflingar fyrir 75% af kostnaði.

Gunnlaug hefur umsjón með skólanum og veitir frekari upplýsingar í síma 580-1804, en skráning fer framm hjá Eflingu í síma 510-7500 eða á tölvupósti á gardar@efling.is

Viðhorfsskönnun meðal félagsmanna

Tökum vel á móti Gallup

Þessa dagana mun IMG Gallup gera viðhorfsskönnun meðal félagsmanna. Þetta er símakönnun, en svipaðar kannanir voru gerðar í febrúar 2002 og ágúst 2003. Slíkar kannanir gera félaginu kleift að fylgjast með kjarabróun einstakra hópa og hvernig samningsmarkmið

hafa skilað sér. Þá er einnig kannaður hugur félagsmanna til orlofs-, sjúkra- og símenntunarmála.

Eru félagsmenn hvattir til þess að taka vel á móti Gallup spyrnum og verða niðurstöðurnar birtar í næsta Eflingarblaði og á heimasíðu félagsins.



Lífeyrissjóðir kanna vandann og leita lausna

Mikil aukning örorku til framtíðar

Starfshópur sem hefur verið að kanna leiðir fyrir fólk sem verður af einhverjum orsökum öryrkjar til að komast í starfsendurhæfingu leggur til að hagsmunaaðilar komi að skipulagningu og fjármögnun Miðstöðvar starfsendurhæfingar. Eins og staðan er í dag er fólk að leita til margra aðila og ekkert samræmt ferli verið til.

Fólk hefur upplifað að engar lausnir séu til og að vísað væri á marga aðila til að fá tækifæri til að komast í bestu endurhæfingu sem völ er á. Langir biðlistar hjá mörgum endurhæfingarstöðvum bera einnig vott um að þörfin sé mikil. Sú starfsendurhæfing sem hefur verið til sannar að mikið gagn er að slíkum úrræðum og hafa flestir sem fá að fara þær leiðir náð miklum framförum og ýmist farið aftur að vinna eða í nám.

Sú staða sem upp er komin hjá mjög mörgum lífeyrissjóðum þar með talið Framsýn sýna að á næstu árum muni hlutfall örorkugreiðslna hækka verulega og þannig skerða möguleika á að greiða þann lífeyri sem fólk hefur byggt upp til efri ára. Þessari stöðu verður að breyta bæði með starfsendurhæfingu og því að jafna örorkuvandann þannig að hluti lífeyriskerfisins standi ekki lakar en aðrir vegna mismunandi áhættu þátta innan kerfisins.

VIÐ HJÁ GÆÐAFÆÐI
ÚTBÚUM ALLAN
GRILLMAT FYRIR
FERÐALAGIÐ



Gæðafæði
enl.

Sími 5773300 - Fax 5773303



Tryggvi Þór Aðalsteinsson

Fordómar

í garð útlendinga

- eftir Tryggva Þór Aðalsteinsson, framkvæmdastjóra fræðslusambanda í Örebro

Í kosningum til sænska þingsins árið 2002 fengu stjórnmálaflokkar og framboðslistar, sem lýst hafa andstöðu við dvöl og búsetu útlendinga í Svíþjóð, um eitt hundrað þúsund atkvæði. Margir flokkanna voru smáir en sá stærsti, sem kallast *Sverigedemokraterna*, fékk rúmlega sjötíu þúsund atkvæði. Sá flokkur vinnur markvisst að því að skapa þá ímynd í hugum fólks að flokkurinn sé ábyrgur stjórnámálaflokkur sem fólk geti treyst og reynir jafnframt að dylja fordóma og kynþáttahatur flokksfélaganna. Enginn þessara flokka náði þó þingsæti, en í kosningum til sveitarstjórna, sem fóru fram samtímis

þingkosningunum, tókst *Sverigedemokrötunum* að fá fulltrúa kjörna í enn fleiri sveitarfélögum en í kosningunum 1998.

Mikilvægt er að ræða þessi máli með opinskáum hætti, fræða og skiptast á reynslu. Verkalýðsfélögin hafa mikilvægu hlutverki að gegna. Flestir útlendinga eru verkafólk, oft í störfum sem eru lágt launuð og lítils virt

Það er ekkert nýtt að stjórnmálaflokkar sem byggja hugmyndir sínar og stefnu á fordómum í garð útlendinga og annarra minnihlutahópa hafi náð árangri í kosningum og nokkurri fötfestu í lýðræðisstofnun samfélagsins, svo sem í þjóðarþingi og sveitarstjórnunum. Í mörgum löndum Evrópu hafa meira eða minna öfgasinnaðir hægriflokkar fengið all nokkurt fylgi. Danmörk, Noregur, Austurríki, Ítalía, Belgía og Holland eru dæmi um ríki þar sem stjórnmálaflokkar, andsnúnir útlendingum hafa fengið sæti í þjóðþingunum. Þótt flokkarnir séu í minnihluta hefur þeim samt sem áður tekist að hafa áhrif, beint og óbeint. Af ótta við að tapa stuðningi meðal kjósenda neyðast aðrir stjórnmálaflokkar til að taka tillit til öfgaflokkanna. Í Danmörku hafa réttindi útlendinga verið takmörkuð umtalsvert. Sem dæmi um það er nánast ómögulegt fyrir danskan ríkisborgara að giftast einstaklingi sem er fæddur í öðru landi. Það hefur leitt til þess að meira en 200 danskar fjölskyldur hafa flutt yfir Eyrarsund og sest að í Malmö og öðrum nálægum sænskum borgum.

Uggvænleg þróun

Þessi þróun er uggvænleg því öfgasinnaðir flokkar og hópar verða aldrei ánægðir. Þeir krefjast sífellt meira. Í raun er ómögulegt fyrir lýðræðissinna, sem byggja hugmyndir sínar á manngildi og jafnrétti þegnanna óháð kynþætti og uppruna, að ganga til málamíðlunar þegar um grundvallarréttindi fólks er að ræða. Frá þeim má aldrei kvika.

Fordómar eiga oft rót sína að rekja til vanþekkingar. Það ókunna óttast fólk og sá ótti getur birst í mörgum myndum. Meðal annars sem andúð og jafnvel fordómar í garð útlendinga, trúar þeirra, siða og menningar. Þeir sem koma langt að og frá öðrum menningarsvæðum, en því sem fólk á að venjast á Vesturlöndum, mæta mestri andúð. Á Norðurlöndum eiga hörundsökkir Afríkumenn sérstaklega erfitt fá vinnu, húsnæði og almenna viðurkenningu annarra íbúa landanna.

Að taka þeim opnum örmum

Á síðari árum hafa átt sér stað miklar breytingar vegna fólksflutninga á milli landa og búsetu í nýju landi. Það á bæði við um Svíþjóð og Ísland. Þess vegna er mikilvægt að ræða þessi mál

Framhald á bls. 46



Barátta þeirra er á frumstigi og mun Efling-stéttarfélag kanna grundvöll fyrir aðstoð við þetta verkefni Hjálparstarfsins

Efling styður fórnarlömb Asíuflóðanna

Félagsmenn Eflingar hafa eins og aðrir landsmenn fylgst með afleiðingum hinna hörmulegu flóða í SA Asíu á jóladag. Stjórn Eflingar veitti fyrir skömmu tveim milljónum króna til hjálparstarfsins en Jónas Þórisson frá Hjálparstarfi Kirkjunnar tók við framlaginu. Sigurður Bessason sagði við þetta tækifæri að það væri við slík áföll sem við sæjum hve samtök eins og Hjálparstarf kirkjunnar væri ómissandi.

Forsvarsmenn Eflingar-stéttarfélags áttu fund með fulltrúum verkefnisins Hjálparstarf úr norðri þar sem Efling afhenti tveggja milljóna króna framlag til uppbyggingar á flóðasvæðunum í Asíu. Við afhendinguna spunnust umræður um aðstæður á Indlandi þar sem Hjálparstarf kirkjunnar er með verkefni í gangi m.a. að aðstoða launafólk í verkalyðs- og mannréttindabaráttu. Hinir stéttlausu sem svo kallast njóta ekki mannréttinda sem stjórnarskrá

landsins á að tryggja þeim. Þeir eru utangarðsmenn í eigin samfélagi. Barátta þeirra er á frumstigi og mun Efling-stéttarfélag kanna grundvöll fyrir aðstoð við þetta verkefni Hjálparstarfsins.

Í blaðinu á öðrum stað er fjallað um vanda launafólks á Indlandi.

Á myndinni afhendir Sigurður Bessason, formaður Eflingar Jónasi Þóri Þórisyni framlag Eflingar til aðstoðarinnar.

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Heildarlausnir

Frá hugmynd
að fullunnu verki



HÉÐINN

Stórárs 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is





Landnemaskólinn

Viltu kynnast Íslandi???

- Nám fyrir félagsmenn af erlendu bergi brotnu

Ef næg þátttaka fæst mun Efling fara af stað með Landnemaskólann nú í mars í fjórða sinn. Landnemaskólinn er fyrir félagsmenn Eflingar-stéttar-

félags af erlendum uppruna. Skólanum er ætlað að stuðla að menntun starfsmanna af erlendum uppruna þannig að þeir verði öflugri og dýr-

mætari starfsmenn á íslenskum vinnu-markaði.

Megin áhersla er lögð á nám í íslensku og að auka þekkingu nemenda á íslensku samfélagi og atvinnulífi. Einnig verður lögð áhersla á samskipti á vinnustað og sjálfsefingu. Námið fer að miklu leyti fram í verkefnavinnu þar sem nemendur þurfa að afla sér upplýsinga bæði innan og utan skólans, vinna úr þeim og kynna niðurstöður.

Félagsmenn þurfa að sækja um inn-göngu í Landnemaskólann í samvinnu við vinnuveitendur sína þar sem hluti námsins fer fram á vinnutíma. Landnemaskólinn er styrktur að mestum hluta af starfsmenntasjóðum Eflingar en þó má búast við einhverjum skólagjöldum. Nemendur geta síðan sótt um 75% endurgreiðslu á þessum skólagjöldum sem einstaklingsstyrk í sinn starfsmenntasjóð hjá félaginu.

Skólinn er 120 kennslustundir og fer kennsla fram á þriðjudögum og fimmtudögum frá klukkan 15-19. Kennsla hefst í byrjun mars og fer fram að Öldugötu 23, Gamla Stýrimannaskólanum. Nánari upplýsingar og skráning er hjá Eflingu í síma 510-7500 eða efling-@efling.is

Aðstoð við gerð skattframtala



Efling - stéttarfélag mun í ár sem fyrr bjóða félagsmönnum uppá aðstoð við gerð skattframtala. Félagsmenn geta pantað tíma í síma 510 7500.

Gert er ráð fyrir einföldum framtölum, en ef um flóknari framtöl er að ræða svo sem um kaup og sölu eigna þarf að tilgreina það sérstaklega.

Aðstoðin við skattframtölin miðast við félagsmenn og maka þeirra. Geta skal fjölda skattframtala þegar tími er pantaður.

Á skrifstofu Eflingar má fá allar nánari upplýsingar um viðtalstíma og gögn sem hafa þarf meðferðis í viðtalið.

Hægt er að panta viðtal á eftirtöldum dögum. Laugardaginn 5. mars og sunnudaginn 6. mars ásamt laugardegnum 12. mars. Bætt verður við dögum eftir aðsókn.

Félagsmenn eru hvattir til að nýta sér þessa þjónustu félagsins og bóka sig sem fyrst. Það eru starfsmenn Lögmennsstofu Atla Gíslasonar sem leiðsaga fólk í gegnum skattafrumskógin eins og fyrr.

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum

Beitt vopn gegn kennitölflökkurum

- segir Atli Gíslason, hrl.

Ábyrgðin fylgir kennitölflökkurum eins og skugginn, segir Atli Gíslason, sem nú bíður dómsniðurstöðu í Hæstarétti um mikilvæg atriði er varða lögin um aðilaskipti að fyrirtækjum



Atli Gíslason

Á árinu 2002 voru sett lög á Alþingi um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Lögin eru nr. 72/2002 og voru sett til að leiða í lög tilskipanir Evrópubandalagsins. Lögin taka til eigendaskipta að fyrirtækjum, þegar atvinnurekstur eða hluti af atvinnurekstri er seldur og nýjir atvinnurekendur taka við. Í lögnum eru slík eigendaskipti skilgreind sem aðilaskipti á efnahagslegri einingu sem heldur einkennum sínum, þ.e. skipulagðri heild verðmæta sem notuð verður í efnahagslegum tilgangi, hvort sem um er að ræða aðal- eða stoðstarfssemi. Þetta segir Atli Gíslason, lögmaður Eflingar

Sá hængur er þó á því að lögin gilda ekki ef aðilaskipti eiga sér stað eftir gjaldþrot

Megintilgangur laganna er að vernda launamenn. Lögin kveða á um að skyldur seljanda samkvæmt ráðningarsamningi, sem fyrir hendi er á þeim degi sem aðilaskiptin eiga sér stað, færist yfir til kaupanda. Þannig verður kaupandinn ábyrgur fyrir hugsanlegum launaskuldum seljanda og unnt að fá hann dæmdan til greiðslu þeirra. Einnig verður kaupandi að virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir seljanda. Kaupandinn verður skaðabótaskyldur gagnvart starfsmanni ef laun og önnur kjör eftir aðilaskiptin

eru lakari. Þá er bæði seljanda og kaupanda almennt óheimilt að segja starfsmanni upp störfum vegna aðilaskipta að fyrirtæki eða hluta þess bæði fyrir og eftir þau og ber skaðabótaábyrgð ef út af því er brugðið. Loks kveða lögin á um að seljandi og kaupandi láti trúnaðarmönnum starfsmanna eða starfsmönnum sjálfum í té með góðum fyrirvara allar upplýsingar um aðilaskipti, þar með talið ef aðilaskiptin hafa bein áhrif á störf og starfsskilyrði starfsmanna eða seljandi og kaupandi hyggjast gera einhverjar ráðstafanir vegna starfsmanna sinna.

Hér er um að ræða afar þýðingarmiklar réttarbætur fyrir launafólk sem íslenska ríkið var skuldbundið til að leiða í lög á grundvelli aðildar að EFTA og Evrópska efnahagssvæðinu. Á þessi lög hefur reynt nokkrum sinnum fyrir

íslenskum dómstólum. Atli Gíslason, lögmaður, sem verið hefur með dómsmál í gangi um þessi lagaákvæði bíður nú dóms Hæstaréttar þar sem tekið verður á ýmsum veigamiklum álitamálum í tengslum við lögin. Lögin eru til að mynda beitt vopn gegn svonefndum kennitölflökkurum sem stunda það að stofna ný og ný fyrirtæki um sama rekstur. Ábyrgðin fylgir því kennitölflökkurunum eins og skugginn.

Sá hængur er þó á því að lögin gilda ekki ef aðilaskipti eiga sér stað eftir gjaldþrot en þá greiðir Ábyrgðarsjóður launa launaskuldir hins gjaldþrota fyrirtækis. En flestir kennitölflakkarar skilja við gamla fyrirtækið skuldum vafið og stofna nýtt áður en til gjaldþrots kemur. Það siðleysi má aldrei líðast.

Atli Gíslason er lögmaður Eflingar.

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kl. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0139-26-4700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101



Skólaliðar og leikskólastarfsmenn fá ný tækifæri

Það er leikur að læra.....

Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt svokallaða brú að námi fyrir starfsfólk í leik og grunnskólum og geta því starfsmenn sem lokið hafa námskeiðum stéttarfélaga sótt sér frekari menntun sem er sér sniðin að þessum skólasviðum. Í samþykkttri námskrá fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa í grunnskólum og leiðbeinendur í leikskólum sem tók gildi með auglýsingu nr.661/2004.

Samkvæmt námskránni er fullt nám á skólaliðabrot 36 einingar en með brúar leiðinni getur námið styst um allt að 15 einingar. Fyrir stuðningsfulltrúa er fullt nám 73 einingar en með brúarleiðinni er það 32 einingar. Fyrir leiðbeinendur á leikskólum er fullt nám 71 eining en með brúar leiðinni er námið 32 einingar.

Með brúnni er átt við að fólk sé orðið 22 ára og hafi að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu og starfi enn við umönnun, uppeldi og menntun barna í störfum fyrir leik og grunnskóla. Einnig þarf að hafa lokið starfstengdum námskeiðum á vegum stéttarfélaga, sveitafélaga eða annara aðila eiga þess kost að fá metið nám

og starfsreynslu sem hluta af námi af viðkomandi braut. Gengið er út frá því að nemendur fái starfsreynslu sína metna sem jafngildi 3-9 vikna starfsþjálfunar sem krafist er samkvæmt námskrá.

Brúarsmiðin eða viðurkenning á samþæflegu námi er geysilega mikilvægt

skref fyrir starfsfólk sem vinnur með börnum og hefur viljað ná sér í stutta viðurkennda starfsmenntun til að bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Nú þegar er hægt að taka áfanga í fjölbrautarskólum en námið verður síðan í boði hjá einhverjum framhaldsskólanna fljótlega.

Félagsliðar hjá borginni

Nýr hópur að hefja nám

Jákvætt viðhorf til félagsliðanáms

Nýr hópur starfsmanna hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík átti þess kost nýlega að sækja um tveggja ára nám félagsliða með vinnu. Viðbrögð starfsmanna voru mjög jákvæð og sóttu 37 um en 28 komust inn í þessum áfanga.

Þessi menntun er sérsniðin að þörfum vinnumarkaðarinnar og mun þörfin fyrir félagsliðamenntað starfsfólk aukast á næstu árum. Samþætting heimþjónustu og heimahjúkrunar er stöðugt meiri og æ fleiri hjúkrunar- og

dvalarheimili hafa þörf fyrir starfsfólk með þessa menntun. Einnig hentar félagsliðamenntun afar vel fyrir starfsmenn sem vinna með fötludum og fjölga þeim stöðugt sem sækjast eftir því að komast í þetta sérhæfða nám.

Starfsmenntasjóðir Eflingar - stéttarfélags veita styrki til félagsliðanáms og eru mjög jákvæð viðhorf til þessara námsleiða bæði hjá félagsmönnum Eflingar á þessu sviði og stjórnendum á stofnunum enda góð reynsla komin á námið.

Fyrstu 18.000 sætin á sérstöku tilboðsverði!

Áfangastaður ársins!

Lanzarote

Óviðjafnanleg lúxusótel á ævintýraeyju undan ströndum Afríku. 70% allra sæta þegar seld!

Eitthvað fyrir alla á Costa Blanca

Calpe

Fjölbreyttir gistimöguleikar, fallegar strendur og hentugur áfangastaður fyrir alla fjölskylduna.

Alicante

Hagkvæmt leiguflug tvisvar í viku í allt sumar.

Albir

Falleg og fjölskylduvæn, í göngufæri við listamannabæinn Altea.

Benidorm - La Cala

Líf og fjör, nótt og dag fyrir hressit fólk á öllum aldri.

Hagkvæmni í rekstri og áralöng reynsla af ferðapjónustu gerir okkur kleift að bjóða fyrsta flokks ferðir í sólina á verði sem hefur ekki staðið Íslendingum til boða hingað til. Og þér er óhætt að bóka ferðina þína strax, því hún er nú þegar á réttu verði. Þú færð einfaldlega alltaf meira fyrir minna hjá Sumarferðum.

Skoðaðu þig um á vefnum okkar og við erum viss um að þú finnur einmitt ferðina sem hentar þér.

Við viljum Viva!

Mallorca

Alcúdia - Palma Nova
Porto Colom - Port Adriano

Viva-íbúðahótelin hafa fengið frábærar viðtökur enda sameina þau einstök gæði og hagstætt verð.



Mundu eftir
MasterCard
ferðaávisuninni

www.sumarferdir.is
575 1515 ► BÓKAÐU ALLAN SÓLARHRINGINN

SUMAR
FERÐIR



Kommunalarbetaren

Útbreiddast á Norðurlöndum

- sjálfstæð ritstjórn, segir Catarina Johansson Junttila

Góður gestur heimsótti skrifstofur Eflingar-stéttarfélags á dögum. Þar var komin Catarina Johansson Junttila frá fréttablaðinu Kommunalarbetaren í Svíþjóð. Þetta er útbreiddasta blað innan verkalyðshreyfingarinnar á Norðurlöndum, gefið út í 640 þúsund eintökum.

Blaðið er gefið út af Verkalyðssambandinu Kommunal sem er launafólk innan LO í Svíþjóð með kjarasamninga fyrir fólk sem vinnur á vegum sveitarfélaganna. Það kom skemmtilega á óvart í stuttu spjalli við Catarinu er hún sagði

Það kom skemmtilega á óvart í stuttu spjalli við Catarinu er hún sagði frá því að Kommunalarbetaren er með sjálfstæða ritstjórn þó að blaðið sé í eigu verkalyðssamtaka

frá því að Kommunalarbetaren er með sjálfstæða ritstjórn þó að blaðið sé í eigu verkalyðssamtaka.

Á blaðinu vinna bæði blaðamenn sem eru félagsmenn í Kommunal en einnig blaðamenn sem vinna sjálfstætt á blaðinu.

15 blaðamenn

Alls eru 15 blaðamenn sem vinna á blaðinu auk lausapenna, en halda þarf



Ritstjórar Eflingarblaðsins og Kommunalarbetaren, Catarina Johansson Junttila og Þráinn Hallgrímsson notuðu tækifærið og báru saman bækur sínar

vel á spöðunum því blaðið er gefið út hálfsmánaðarlega auk þess sem netút-gáfa og hljóðút-gáfa af blaðinu er gefin út sérstaklega fyrir sjóndapra og fólk sem á við lestrarerfiðleika að stríða.

Catarina kom hingað til lands til að kynna sér starfsmat á Íslandi og átti

m.a. viðtöl við Hörpu Ólafsdóttur, hagfræðing Eflingar og Ragnar Ólason, aðaltrúnaðarmann Eflingar hjá Reykjavíkurborg, sem fræddu hana um framkvæmd starfsmatsins hjá borginni.

Hún mun birta greinar um starfsmatið í Kommunalarbetaren á næstunni.



Fyrirvaralaus uppsögn

Hafið samband samdægurs!

Það skal enn og aftur ítrekað að starfsmaður sem er rekinn úr starfi eða sagt upp að hann geri þegar í stað kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf.

Þeir starfsmenn sem er sagt upp eiga að hafa samband við félagið strax sama dag annars eru þeir sennilega að tapa launum í uppsagnarfresti.





Hvernig eigum við að bregðast við miklu framboði lána?

Hver sníði sér stakk eftir vexti

-segir Ragnar Z. Guðjónsson, sparisjóðsstjóri SPV

Nú hafa lánamöguleikar fólks breyst mjög á liðnum mánuðum. Vextir hafa lækkað og greiðslubyrði lána hjá mörgum hefur dregist saman en bankarnir bjóða fólki að lána því mjög hátt hlutfall bæði í íbúðalánum og bílalánum, hvernig lítur þú á þessa þróun?

Það er rétt að miklar breytingar hafa orðið á íslenskum lánamarkaði á síðustu mánuðum og koma þær í kjölfar þess að bankar og sparisjóðir hófu að veita sambærileg kjör á íbúðalánum og íbúðalánasjóður hefur veitt. Það jákvæða við þessa þróun er m.a. að nú á fólk þess kost að hafa öll sín viðskipti á einum stað. Þar sem fjármálaafyrirtæki hafa heildaryfirsýn yfir skuldbindingar viðskiptamanna sinna eru þau í enn betri aðstöðu til að fylgjast með og veita ráð-

gjöf um fjármál hvers og eins, ef íbúðalán eru einnig á þeirra hendi. Það ætti síðan að leiða til minni vanskila og lægri afskrifta í framtíðinni. Jafnframt hefur þessi þróun leitt til þess að nú eru í boði fleiri möguleikar fyrir lántakendur til að velja á milli skammtíma- og langtíma-vaxta, breytilegra og fasta vaxta og lána í erlendum myntum. Þessi þróun á að geta stuðlað að því að sem flestar fjölskyldur og einstaklingar í þjóðfélaginu geti eignast eigið húsnæði og notið þess öryggis og sjálfstæðis sem því fylgir.

Mikil eftirspurn og hærra verð

Það neikvæða við þessa þróun er að ódýrari íbúðafjármögnun veldur að öðru óbreyttu meiri eftirspurn eftir íbúðahúsnæði sem þýðir hærra verð íbúða og einnig meiri einkaneyslu, þar sem ekki þarf að ráð-

stafa jafnmiklum fjármunum og áður til að standa undir gefinni íbúðaeign. Hættan er sú að það svigrúm sem myndast við hærra veðhlutfall og notað er í lántöku sé notað til að fjármagna neyslu. Tímabundin hækkun íbúðaverðs getur verið hættuleg fyrir stöðugleika fjármálakerfisins þegar íbúðaverð lækkar á ný, því að þá myndu líkur á vanskilum og útlánatöp aukast. Hærra veðhlutfall getur þá haft í för með sér aukna hættu á að veðkröfur fengjast ekki greiddar sem gæti leitt til aukinna útlánatapa í fjármálakerfinu. Ólíklegt er þó að greiðslubyrði af háum skuldum verði alvarlegt vandamál stórs hluta heimilanna, nema staða þeirra veikist að öðru leyti, t.d. ef kaupmáttur ráðstöfunartekna dregst saman, atvinnuleysi eykst eða vextir hækki stórlega.

Framhald á bls. 46

ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI ÖLL ÖKURÉTTINDI

Ný námskeið vikulega
www.et.is

**NÝ
ÖKUSKÓLINN**

SÍMI: 822 4502



Lýðheilsustöð Stuðlar að heilbrigðum lífs- háttum barna og fjölskyldna

Allt hefur áhrif, einkum við sjálf, eru einkunarorð þróunarverkefnis sem Lýðheilsustöð er að hefja í samvinnu við sveitafélög í landinu. Verkefnið hefur það markmið að bæta lífshætti barna og fjölskyldna þeirra með áherslu á hreyfingu og góða næringu. Jórlaug Heimisdóttir, verkefnisstjóri kom í heimsókn á skrifstofu Eflingar á dögunum og var þar rætt um ýmsa samstarfskosti við félagið bæði hvað varðar fyrirbyggjandi starf sjúkrasjóðs, heimsóknir á vinnustaði, stuðla að heilsusamlegu líferni varðandi mataræði og hreyfingu o.fl. Efling mun á næstunni skoða hvað unnt er að vinna í verkefninu með félagsmönnum.

Jórlaug Heimisdóttir, verkefnisstjóri segir að ástæðan fyrir því að Lýðheilsustöð réðst í þetta verkefni sé m.a. að ofþyngd er talin vera eitt brýnasta verkefnið á sviði lýðheilsu í hinum vestræna heimi í dag. Í rannsóknnum kemur fram að kyrrsetur fyrir framan

Og er það mikilvægur liður í því að ná til foreldra á vinnustöðum

sjónvarp og tölvu er að aukast og á sama tíma hefur neysla sætra drykkja og alls kyns skyndibita stóráukist. Tilgangurinn með þessu verkefni er að auka hreyfingu og bæta næringu með öflugum forvarnarstarfi sem byggir á fræðslu um mikilvægi þessara þátta í tengslum við andlega líðan, auk þess að stuðla að bættri aðstöðu til almennrar heilsueflingar.

Á vormánuðum verða spurningalistar sendir út til skólastjórnenda, leikskólustjórnenda, barna og foreldra og þannig fást grunnupplýsingar sem munu nýtast við að meta árangur verkefnisins. Ennfremur segir Jórlaug að verkefnið hafi verið kynnt fyrir aðilum á vinnu- markaði og hugmyndinni um samstarf hafi verið vel tekið.

Efling er meðal félaga sem vilji taka

þátt í verkefninu og er það mikilvægur liður í því að ná til foreldra á vinnustöðum. Félagið hefur mjög öflugt net trúnaðarmanna sem nær til fjölmargra vinnustaða og þeir geta beitt sér fyrir skipulagningu í heilsueflingu, ásamt stjórnendum fyrirtækjanna. Það kæmi vel til greina að bjóða fyrirtækjum sem verða í samstarfi við okkur upp á ráðgjöf t.d. um mikilvægi hreyfingar og næringar í tengslum við líðan ef þess væri óskað segir hún. Þróunarverkefnið mun standa yfir í 2 ár og vorið 2007 verður samskonar könnun send út aftur og þá ætti að koma í ljós hvort breyting hefur orðið á þekkingu, viðhorfum og atferli fólks þegar kemur að hreyfingu og næringu, sagði Jórlaug að lokum.

Fróðleiksmolar

Ertu á réttum launum? Ertu kannski á „jafnaðarlaunum“? Má það?

Svar: Það er ekkert til í kjarasamningum sem heitir jafnaðarlaun



Um áramótin féll niður 1% framlag atvinnurekenda í séreignarsjóð

Þetta framlag hefur verið greitt til þeirra sem ekki hafa verið með samning um séreignarsparnað. En nú verður breyting á. Réttur til mótfamlags frá launagreiðanda er nú **eingöngu hjá þeim sem eru með samning** um séreignarsparnað.

Hafðu samband í síma 515 4700 eða 515 4751 og við hjálpum þér að klára málið eða fylltu út samninginn hér á næstu blaðsíðu og sendu til okkar.

Gerðu samning, það borgar sig





UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI FRAMSÝNAR

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Framsýnar og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlíð umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Framsýnar telst vera kominn á samningur milli mín sem réttihafa og Séreignarsjóðs Framsýnar sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (réttihafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____ % af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Framsýnar inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Löggjald sem nemur að hámarki 4% af löggjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifu umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit er lítið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjandi er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Framsýnar í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

- | | |
|---|---|
| ☐ Framtíðarsýn 1
Skuldabréf 65%
Hlutabréf 35% | ☐ Framtíðarsýn 2
Skuldabréf 80%
Hlutabréf 20% |
|---|---|

Réttihafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Lífeyrissjóðsins Framsýnar.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Framsýnar

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Framsýnar, Sættún 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósent af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.

Efling

Kauptaxtar komnir út

Kauptaxtar Eflingar - stéttarfélags fyrir árið 2005 hafa nú verið gefnir út og liggja frammi á skrifstofu Eflingar. Bæði er um að ræða kauptaxta vegna kjarasamninga sem félagið gerir við Samtök atvinnulífsins en einnig hafa verið prentaðir kauptaxtar vegna samninga við ríkið, hjúkrunarheimili og sjálfseignarstofnanir, Reykjavíkurborg og Launanevnd sveitarfélaga.

Félagsmenn geta nálgast kauptaxtana á skrifstofunni eða beðið um að þeir verði sendir á viðkomandi vinnustaði.



GRÆNT TE
MED ÆTIPÍSTLI

Vello
Grøn the
med artiskok

30 vegetabilske kapsler

- Eflir orku og úthald
- Eykur fitubrennslu
- Styrkir ónæmiskerfið
- Örvar efnaskiptin
- Stuðlar að jafnvægi blóðsykurs



Verðlagspróun

Hver ber ábyrgð?

Neytendur hafa ekki notið gengishækkunar í lægra vöruverði frá útlöndum - segir Harpa Ólafsdóttir, hagfræðingur Eflingar



Harpa Ólafsdóttir

Nú þegar sífellt berast fréttir af háu gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum, þá skyldi maður ætla að það skilaði sér í lægra vöruverði gagnvart útlöndum. Það stendur sjaldan á því að kaupmenn hækki vörur sínar þegar gengi krónunnar lækkar. En því miður bendir margt til þess að kaupmenn haldi verði á vörum sínum óbreyttu og hirði þann ávinning sem hlýst af núverandi gengisskráningu krónunnar, segir Harpa Ólafsdóttir hagfræðingur.

Gengi krónunnar hefur styrkst um

8,1% á síðustu 6 mánuðum og þar af um 5% frá 2. desember síðastliðnum þegar Seðlabankinn hækkaði vexti um 1%. Nafnvaxtamunur við útlönd er um 6% og mun að öllum líkindum viðhalda styrkleika krónunnar fram eftir ári.

Flestar verðbólguþáttir gera ráð fyrir að hátt gengi krónunnar leiði til lægra innflutningsverðs og haldi því verðbólgunni í skefjum. Einkaneysla hefur hins vegar aukist talsvert sem má m.a. greina af auknum bílainnflutningi og kaupum á varanlegum neysluvörum. Hvatinn er því minni hjá kaupmönnum til þess að lækka innflutningsvörur þó að gengi

krónunnar sé hátt. Ljóst er að neytendur verða að vera vel á verði og nýta sér verðlagskannanir, en með því móti hvetjum við kaupmenn til þess að halda verðlaginu í skefjum.

Síðastliðna 12 mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 4,5% en efri þolmörk vísitölu neysluverðs eru við 4%. Samningsforsendur kjarasamninga sem skrifað var undir 2004 munu því þurfa endurskoðunar við, en miðað er við að sú endurskoðun fari fram fyrir 15. nóvember á þessu ári.

Vinna í eldhúsi er faglegt verk

Ný námskeið sniðin að þörfum starfsins

Starfandi hefur verið hópur sem er að skoða þarfir hinna mismunandi eldhúsa sem samið er fyrir, innan Eflingar-stéttarfélags. Í þessum eldhúsum/mötuneytum fer fram mjög mismunandi starf allt frá því að maturinn kemur aðsendur og er fram borinn fyrir fólk og til þess að allt sé unnið, og fullleiddur matur sé framreiddur eða sendur í önnur mötuneyti.

Það sem er sameiginlegt með þessum vinnustöðum er að allstaðar eru sömu þarfir fyrir hreinlæti og innra eftirlit, frágang og öryggi matvæla. Einnig er mikil þörf fyrir þekkingu á næringarfræði og samsetningu matar þannig að

næringarþörf barna og fullorðinna sé fullnægt.

Starfshópurinn er nú að skila af sér og leggur hann til að búin verði til tvö grunnnámskeið sem nýtast öllum sem vinna þessi störf og síðan geti hvert svið fengið sína námskeiðsáætlun út frá þörfum viðkomandi vinnustaðar.

Fyrsta námskeiðið sem er hannað miðað við þessa áætlun mun byrja í mars og hentar það starfsmönnum í eldhúsum og mötuneytum innan Eflingar-stéttarfélags.

Hægt er að innrita sig hjá Eflingu-stéttarfélagi í síma 510 7500 og fá þá nánari upplýsingar um tímasetningar og fleira.



Þau fengu endurgreitt



Fjölskyldan

Má bjóða þér í hópinn?

Í janúar endurgreiddum við skilvísium viðskiptavinum í fjölskylduþjónustu SPRON helming allra debetkortaárgjalda þeirra og hluta af greiddum vöxtum vegna skuldabréfa, íbúðalána, yfirdráttar eða víxla.

Það getur verið erfitt að ákveða hvernig best er að nýta endurgreiðsluna þar sem þarfir og væntingar fjölskyldumeðlima eru mismunandi – það eina sem hægt er að ábyrgjast er að hún kemur sér vel fyrir fjölskylduna.

Með því að skrá fjölskylduna gætirðu tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs.

 **spron**
– fyrir allt sem þú ert

Skráning í síma 550 1200, hjá þjónustuveri í síma 550 1400,
á www.spron.is eða í næsta útibúi SPRON.



Tveir strákar vefa í dimmum og loftlausum húsakynnum. Þeir vinna oftast 12 tíma á dag og fá einn frídag í mánuði

Hjálparstarf kirkjunnar berst fyrir réttindum stéttlausra

Barinn til dauða

- eftir Önnu M. Þ. Ólafsdóttur

Prettán ára drengur, Tamilrasan Rajendran, þrælarni í Kanchipuram á Indlandi dó að kvöldi 5. september 2001 eftir barsmíðar og svelt af hendi vinnuveitanda og lögreglu. Faðir drengsins hafði viljað endurgreiða 3000 rúpía skuld sem hélt syni hans í ánað við vefnað. Vinnuveitandinn neitaði að taka við peningunum þar sem strákurinn var duglegur og fær vefari. Faðirinn, sem hafði fengið loford um 4.000 rúpía lán hjá öðrum vinnuveitanda sem var tilbúinn að borga drengnum hærri laun kæmi hann í vinnu til sín, krafðist þess að fá að borga og fá soninn lausan. Vinnuveitandinn sagði þá að drengurinn hefði stolið 500 rúpíum. Faðirinn trúði ekki sögunni og neitaði að borga. Þann 4. september kom drengurinn ekki heim úr vinnu. Hann fannst að morgni 6. september, látinn, fjarri heimili sínu. Drengurinn var jarðaður að kvöldi sama dags.

Óteljandi og grimmileg mannréttindabrot

Svona sögur eru ekkert einsdæmi. Þær gerast aftur og aftur í óteljandi og grimmilegum útgáfum. Hjálparstarf kirkjunnar hefur í fjölda ára stutt mannréttindasamtökin Social Action Movement á Indlandi. Þau berjast fyrir réttindum dalíta eða hinna stéttlausu. Stéttlausir á Indlandi eru um 200 milljónir. Þeir teljast samkvæmt hindúasið ekki fæddir af guði. Því má fara með þá eins illa og hver vill. Þeir eru ókeypis vinnuafli. Hefðin fyrir þessu viðhorfi eru svo rótgróin að jafnvel stjórnarskráin virðist ekki geta varið þetta fólk.

Baráttumálin eru fjölbreytt; fá að greiða í sjúkratryggingasjóð. Þeir eru eins sjaldséðir meðal stéttlausra og hvítir hrafnar

Upphaf stéttarféлага

Social Action Movement-samtökin hafa hjálpað stéttlausum að stofna stéttarfélag. Stéttlausir vinna hættuleg, sóðaleg eða erfið störf sem enginn annar vill vinna. Þeir fá oft ekki greitt öðruvísi en með matarafgöngum eða brotnum og lélegum afurðum sem þeir vinna við að verka. Það dugar oft ekki til að fæða fjölskylduna og enn síður fyrir lyfjum, fötum, skólabókum, eldsneyti eða hverju því sem þarf að kaupa fyrir peninga. Hjálparstarf kirkjunnar hitti starfsmenn hrísgrjónaverksmiðju og fræddist um kjör þeirra. Baráttumálin eru fjölbreytt; fá að greiða í sjúkratryggingasjóð. Þeir eru eins sjaldséðir meðal stéttlausra og hvítir hrafnar. Fólk vill fá laun greidd í peningum, ekki afgangum frá öðrum; Fólk vill fá tvo frídaga í viku en ekki bara einn í mánuði eins og t.d. þrælarnir búa við. Social Action Movement samtökin hafa stofnað og „útskrifað“ til sjálfstæðs starfs; stétt-

arfélag þvottafólks, stéttarfélag fólks í hrísgrjónaverksmiðjum, sykkurreyskurðarmanna, fólks sem lifir af því að týna rusl, steinhöggvara ofl. Fólkið er bláfátækt en tekur ábyrgð á starfinu og greiðir sín gjöld þótt okkur, hér við nægtabrunninn á Íslandi, sé ómögulegt að sjá hvaðan þau framlög geti hugsanlega komið.

Verkinu miðar - en hægt

Það er áhættusamt að styðja mannréttindabaráttu stéttlausra. Það sést best á grátlegum endalokum Tamilrasans. Fólkið sem starfar fyrir samtökin okkar á Indlandi hefur verið fangelsað, því er hótad. Samt er aðeins verið að krefjast þess sem er í lögum landsins. Samkvæmt þeim eiga stéttlausir skýr réttindi. En öllum er sama. Lögin eru hundsud. Þó mjakast í rétta átt. Samtökin okkar leggja mikið upp úr því að þrýsta á stjórnvöld, standa fyrir opinberum vitnaleiðslum til að sýna almenningi fram á kjör dalítanna og ýta við stjórnvöldum og vinnuveitendum. Mannréttindasamtök víðs vegar um Asíu hafa komið til að sjá hvernig Social Action Move-



Stéttlausir starfsmenn í hrísgrjónaverksmiðju. Þeir hafa stofnað stéttarfélag og reka nú sjúkrasjóð.

ment fer að. Og nú hefur ríkið staðið fyrir því að stofna nokkur stéttarfélög. Hjálparstarf kirkjunnar hefur hjálpað mörgum stéttlausum til að gerast aðilar að þeim og fylgja því eftir að þeir njóti réttinda sem þar er lofað. Það er löng leið framundan. En við sjáum árangur og Hjálparstarf kirkjunnar mun áfram

styrkja stéttleysingja.

Anna M. Þ. Ólafsdóttir er fræðslu- og upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar.

Hún tók ásamt Jónasi Þórissyni við framlagi Eflingar-stéttarfélags til uppbyggingar á hamfarasvæðunum í SA-Asíu.



KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN



keila **gæsapartý** **einkasamkvæmi**
leiktæki **leiga á húsi f/einkasamkvæmi**
diskókeila **fyrirtækjapartý**
pool **hádegismatur** **beinar útsendingar**
golfhermir **karokee**
kvöldmatur **barnaafmæli**

Opnunartími:

Sunnudaga - Fimmtudaga:

11:00 - 24:00

Föstudaga - Laugardaga:

11:00 - 02:00

steggjapartý



Keiluhöllin ehf. • Flugvallarvegi • Sími 511 5300 • Fax 511 5301 • www.keiluhollin.is • www.golfhermir.is

13. mars er frátekninn í ár

Eldri félagsmenn fylla Broadway

Ógleymanleg stemmning í vændum



Alltaf kátt á skemmtun eldri félagsmanna

Kaffisamsæti eldri félagsmanna Eflingar verður að venju á Broadway þann 13. mars n.k. Þar verður boðið

upp á veitingar og þær ekki af verri endanum eins og fjölmargir Eflingarfélagar þekkja frá fyrri samkomum

félagsins. Undanfarin ár hafa eldri félagar troðfyllt Broadway og voru á tólfta hundruð manns í fyrri á samkomunni. Lifandi tónlist og skemmtiatriði verða í boði og fólk hefur notið þess að hitta vini og kunningja árlega við þetta tækifæri. Margir bíða nú spenntir eftir deginum og hafa tekið 13. mars frá á dagatalinu.

Miðar verða afhentir á skrifstofu Eflingar við Sætún eins og áður og verður félagsmönnum sent bréf þar að lútandi þegar nær dregur.

Boðið er upp á tónlist og söng auk skemmtiatriða.

Eldri Eflingarfélagar og gestir þeirra troðfylltu Broadway á kaffisamsæti félagsins fyrir félagsmenn sem eru 70 ára og eldri í fyrri. Á tólfta hundruð félagsmanna mættu á staðinn og það fór ekki framhjá neinum að fólk skemmti sér hið besta og rifjaði upp kynnin frá fyrri árum.

Þetta er sannkölluð veisla fyrir augu og eyru sem fólk kann að meta. Guðmundur Þ Jónsson mun stýra samkomunni og formaður flytja ávarp. Hljómsveit leikur vinsæl lög og fyrir dansi í lokin.

Þá er bara að bíða eftir 13. mars.

Miðar verða afhentir á skrifstofu Eflingar frá 1. mars nk.

Framsýn og Lífeyrissjóður sjómanna

Samrunasamningur undirritaður

Stjórnir Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna hafa undirritað samning um samruna sjóðanna frá og með 1. júní 2005. Samrunasamningurinn verður lagður fyrir ársfundi sjóðanna 27. apríl nk. til staðfestingar. Viðræðunefnd sem skipuð var af stjórnnum sjóðanna hefur unnið að málinu fá því í apríl á síðasta ári.

Markmið sameiningarinnar er að tryggja sjóðfélögum þau bestu lífeyrisséttindi sem kostur er á með betri áhættudreifingu sjóðfélaga á atvinnugreinar, öflugri áhættustýringu og ávöxtun iðgjalda svo og hagkvæmari rekstri.

Samþykki ársfundir sjóðanna samein-

inguna tekur nýr sjóður til starfa 1. júní 2005 og mun hann taka við öllum eignum, réttindum og skuldbindingum eldri sjóðanna. Frá þeim tíma munu sjóðfélagar ávinna sér réttindi samkvæmt nýju aldurstengdu réttindakerfi.

Lífeyrissjóðurinn Framsýn og Lífeyris-

sjóður sjómanna eru þriðji og fjórði stærstu lífeyrissjóðir landsins og námu samanlagðar eignir sjóðanna í árslok 2004 144,8 milljörðum króna. Ávöxtun á síðasta ári var mjög góð, 13,6% raunávöxtun hjá Lífeyrissjóðnum Framsýn og 16,3% hjá Lífeyrissjóði sjómanna.

Eflingarfélagar við ræstingarstörf

Áætlað er að halda námskeið - fyrir ræstingafólk í apríl. Um er að ræða nýtt námskeið í samvinnu við Iðntæknistofnun sem heitir Þjónustuliðar, og er 32 klst.

Frekari upplýsingar veita Ingunn og Hulda á skrifstofu Eflingar-stéttarfélags í síma 510-7500 eða á tölvupóstfang efling@efling.is.



Þitt líf, þín framtíð

Sum hugtök teygjast með tímanum. Í dag leyfist fólki að skilgreina sig sem fjölskyldu þó að það eigi ekki hús, bíl, hamstur, tjaldvagn og tíu börn. Hvaða leið sem við veljum í lífinu koma tryggingar við sögu og hversu stór sem fjölskyldan þín er ættir þú að skoða kosti F plús fjölskyldutryggingarinnar.

Fjölskyldur stækka gjarnan og breytast með tímanum. Þar sem F plús er ein víðtækasta tryggingin á markaðnum er óþarfi að uppfæra hana með hverjum áfanganum sem er náð.

F plús víðtæka fjölskyldutryggingin innifelur m.a.

- Tryggingu á innbúi
- Slysatryggingu í frítíma
- Ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu á ferðalögum erlendis
- Farangurstryggingu á ferðalögum erlendis
- Málskostnaðartryggingu
- Umönnunartryggingu barna
- Ábyrgðartryggingu einstaklings

Sjá nánar í skilmálum F plús tryggingar.

– þitt öryggi

VÍS, Ármúla 3, 108 Reykjavík,
www.vis.is

Þjónustuver VÍS, símaþjónusta
mánudaga til föstudaga
kl. 8:00-19:00,
sími 560 5000





Félagsliðar á fundi með forsvarsmönnum Eflingar

Sameiginleg mál félagsliða á döfinni

Félagsliðar mynda faghóp

Stofna starfsgreinahóp innan Eflingar

Undirbúningshópur félagsliða innan Eflingar-stéttarfélags kom saman á dögnum á skrifstofu Eflingar. Stórir hópar félagsliða hafa verið að útskrifast á undanförunum misserum og er mikill áhugi hjá þessum hóp að halda hópinn til að geta rætt sín innri mál svo sem réttindamál á vinnustöðum og kaup og kjör. Þetta er fyrsti starfsgreinahópur-

inn sem tekur sig saman til að mynda faghóp vegna aukinnar menntunar sem Efling-stéttarfélag hefur barist fyrir á undanförunum árum.

Mikilvægt er að slíkir hópar myndi sameiginlega rödd til að fylgja sínum málum eftir við viðsemdendur og opinbera aðila sem hafa með réttarstöðu þeirra að gera.

Efling-stéttarfélag er annað stæsta stéttarfélag landsins og getur því boðið slíkum hópum uppá mikinn faglegan stuðning auk mikilla réttinda.

Það er fagnaðarefni þegar hópar vinna sameiginlega að settu marki með þeim hætti sem félagsliðar eru nú að vinna að. Félagsliðar vilja tryggja að menntun þeirra og sérþekking sem þær hafa aflað sér með námi og starfi nýtist þeim til bættrar stöðu og kjara.

Á næstunni verður haft samband við félagsliða innan Eflingar um stofnun faghóps sem er í undirbúningi.

Merkileg þróun líkamsræktarstyrkja

Þegar gluggað er í tölur sjúkrasjóðs kemur ýmislegt í ljós. Það er t.d. mjög merkilegt að skoða hvernig líkamsræktarstyrkir hjá Eflingu-stéttarfélagi hafa þróast frá 1999. Í ljós kemur að styrkirnir hafa fimmfaldast á þessu tímabili. Um aldamótin virðist sem fremur lítill áhugi hafi verið á þessum styrkjum í félaginu en á síðasta ári voru

félagsmenn sem stunduðu líkamsrækt og sóttu stuðning til þess hjá félaginu komnir hátt í þúsund manns.

Eflaust er þetta hluti af almennri þróun til heilsuræktar og betra lífs í þjóðfélaginu. Fólk reynir að halda sér í formi og fyrirbyggja sjúkdóma og veikindi með því að styrkja líkama sinn í ræktinni.



Launakröfur frá Eflingu 2004

Um 400 kröfur



Það er oft mikið að gera í afgreiðslu Eflingar þar sem Elva Tryggvadóttir, Oddný Einarsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir ráða ríkjum

Þegar skoðaðar eru launakröfur sem skrifstofa Eflingar hefur sent á hendur atvinnurekendum á síðasta ári kemur í ljós að þær eru um 400. Langflestar kröfurnar eru á almennu sviði verkamanna eða nálægt 280 kröfur. Þá eru veitingahúsa eigendur duglegir við að koma sér í vond mál sem enda í launakröfum á hendur þeim. Um 75 kröfur voru sendar veitingahúsum á síðasta ári. Á öðrum sviðum s.s. í umönnunarstörfum og í ræstingu og hjá iðnverkafólki er um mun færri launakröfur að ræða.

Tekið skal fram hér að með launakröfu er átt við kröfur um vangoldin laun eða ekki hafi verið staðið rétt að greiðslu eða mati á réttindum, laun rangt reiknuð út miðað við forsendur kjarasamninga eða öðrum ákvæðum kjarasamninga hafi ekki verið fullnægt. Stundum leysast þessi mál í beinum samskiptum við atvinnurekendur en þegar þau eru komin inn á skrifstofu Eflingar sem kvörtunarefni, þá verða til launakröfur á hendur atvinnurekendum, sem lögmenn fylgja eftir ef lausn finnst ekki milli félagsins og atvinnurekanda.



nýjung




Benecol®
 inniheldur plöntustanólestir sem
lækkar
kólesteról

Rannsóknir sýna að dagleg neysla Benecols stuðlar að lækkun kólesteróls um allt að 15%.

www.ms.is/benecol

Emmi



Lausnarorð:

Lausnarorð:

Nafn: _____

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 15.000,- krónum.

Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sætún 1, 105 Reykjavík.

Svar þarf að berast fyrir 10. apríl nk.




Gígja Karelsdóttir heppin

Vinningur í afmælisgjöf

Sú heppna sem vann krossgátu síðasta blaðs heitir Gígja Karelsdóttir hjá Félagsþjónustunni og var það Ólöf Björk Björnsdóttir, þjónustufulltrúi Eflingar sem afhenti henni ávísun að upphæð 15.000 krónur. Kom vinningurinn skemmtilega á óvart, en Gígja verður sextug nú í byrjun marsmánaðar. Óskar félagið henni innilega til hamingju.

Lausn síðustu krossgátu



Lausnarorðið var:
LÖGREGLUR

Sama sólin - sama fríð
- en á verði fyrir þig!

Benidorm

34.230_{kr.}

á mann miðað við að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja-11 ára, ferðist saman. 46.300 kr. á mann ef 2 ferðast saman. Innifalið er flug, gisting í 7 nætur á Halley, 10.000 kr. bókuarafsláttur og flugvallarskattar.

plús
FERDIR
www.plusferdir.is

Hliðasmára 15 • Sími 535 2100

Framhald af bls. 31

Hver sníði sér stakk eftir vexti

Jákvæð þróun fyrir almenning

Yfir heildina litið lít ég jákvæðum augum á þessa þróun enda er hún til hagsbóta fyrir almenning. Hins vegar eykur hún nauðsyn þess að fólk leiti sér ráðgjafar og kynni sér þá möguleika sem í boði eru.

Nú er SPV þekktur fyrir góða einstaklingsþjónustu. Hver eru helstu ráð ykkar varðandi fjárfestingar sem tengjast heimilum t.d. í bifreiðum eða íbúðakaupum?

Helsta ráð okkar er að hver sníði sér stakk eftir vexti. Þegar hugað er að íbúðakaupum eða öðrum fjárfestingum sem fjármagnaðar eru að hluta til með lánum er mikilvægt að átta sig á greiðsluþyrði lánanna og þeim kostnaði sem fylgir lántöku. Hér er því mikilvægt að geta leitað ráðgjafar hjá sérfræðingum sem vinna við þessi mál eins og þjónustufulltrúar SPV og fara í svokallað greiðslumat. Greiðslumatíð er í raun eins og rekstrarreikningur fjölskyldunnar og útkoman úr því gefur til kynna hvað rekstur heimilisins leiðir af sér út frá tekjum og gjöldum. Út frá greiðslumati er því á einfaldan hátt hægt að sjá hversu háa fjárfestingu hægt er að fara úti í að því tilskildu að greiðslugeta sé til staðar til að standa undir afborgunum og kostnaði.

Ekki hagkvæmt fyrir alla að skuldbreyta

Er hagstætt fyrir alla að skuldbreyta í nýrri lán með lægri vexti eða getur fólk

stúðst við einhverjar meginreglur um það fyrir hverja þetta er hagstætt og hverja ekki?

Nei, það ekki er hagkvæmt fyrir alla að skuldbreyta. Það er mikilvægt að skoða hversu mikið búið er að greiða af lánum sem fyrir eru með tilliti til höfuðstóls. Þegar fólk hefur greitt af láni í umtalsverðan tíma er trúlegt að viðkomandi sé byrjaður að greiða niður vel af höfuðstól. Þá þarf að athuga vexti og lengd eldri lána. Einnig er mikilvægt að skoða hvar fólk er stadd í lífinu með tilliti til aldurs og fjölskyldustærðar. Á ákveðnum skeiðum lífsins hentar hugsanlega að hafa lága greiðsluþyrði en þegar fólk eldist og börnin flytja að heiman hentar hugsanlega að endurfjármagna með íbúðaláni til styttri tíma, greiða lánið upp fyrr og þar með greiða minni fjármagnskostnað á lánstímanum. Sparisjóður vélstjóra mælir með því við fólk að það hitti þjónustufulltrúa sinn og fari yfir stöðu mála því aðstæður fólks eru mismunandi og erfitt að alhæfa um hvað hentar fólki best.

Ráð til unga fólksins

Hvaða ráð getur þú gefið ungu, efnalitlu fólk sem vill standa skynsamlega að fjármálum sínum og fjárfestingum?

Fyrir utan að lifa sparlega og stunda reglulegan sparnað, þ.m.t. viðbótarlífeyrissparnað, er mikilvægt að ætla sér ekki um of í fjárfestingum. Kaupa sér til að mynda ekki of dýra fasteign og vera viss um að ráða við greiðsluþyrði þeirra skuldbindinga sem viðkomandi tekst á hendur. Einnig er mikilvægt fyrir ungt fólk að þiggja ráðgjöf hjá sínum sparisjóði um hvaða lánamöguleikar eru í boði

áður en farið er út í fjárfestingar.

Um viðbótarlífeyrissparnað

Telur þú að viðbótarlífeyrissparnaður umfram lögbundið lágmark eigi erindi við efnalítar fjölskyldur og eða eldra fólk?

Hvað varðar eldra fólk þá þarf að meta það í hvert skipti fyrir sig. Auðvitað er alltaf gott að spara og með viðbótarlífeyrissparnaði er fólk að fá mótframlag frá vinnuveitanda sem það myndi ekki fá annars og það munar um það. En svo þarf að vara sig þegar að úttekt byrjar, þar sem úttektin getur orðið til þess að fólk fær minni ellilaun frá Tryggingastofnun. Þess vegna þarf úttekt að ljúka fyrir 67 ára aldur til að rýra ekki tekjutrygginguna, en sumum munar ekki svo um hana. Efnalítið fólk á tvímælalaust að velja sér viðbótarlífeyrissparnað sem sparnaðarform. Ef fólk er í vanskilum með skuldir, þá mælum við með því að sparnaði sé hætt þar til skuldir eru komnar í skil enda fylgja vanskilum mikill kostnaður. Efnalítið fólk ætti að velja sér áhættulitlar sparnaðarleiðir eins og t.d. innlánsreikninginn Lífsval sem SPV býður upp á. Þegar efnalítið fólk hættir að vinna sökum aldurs er gott að eiga varasjóð sem safnast hefur upp sl. 20-40 árin. Þess vegna mælum við með því að allir stundi reglulegan sparnað. Upphæðirnar þurfa ekki að vera háar til að byrja með og kemur það fólki oft skemmtilega á óvart hvað innstæðurnar eru fljótur að hækka og verða að góðum sjóði, sagði Ragnar að lokum.

Ragnar Z. Guðjónsson er sparisjóðsstjóri Sparisjóðs vélstjóra. Hann tók við starfi sparisjóðsstjóra SPV um mitt síðasta ár.

Framhald af bls.18

Fordómar í garð útlendinga

með opinskáum hætti, fræða og skiptast á reynslu. Verkalýðsfélögin hafa mikilvægu hlutverki að gegna í þessu sambandi. Flestir útlendinga eru verkafólk, oft í störfum sem eru lág launuð og lítils virt. Enn aðrir eru atvinnulausir og búa við knöpp kjör. Þeir sem eru í vinnu kynnast öðru verkafólki á vinnustaðnum. Með öðrum orðum; útlendingarnir komast fyrst í kynni við félagsmenn stéttarfélaganna. Hvernig tekið er á móti þessum nýju félagsmönnum getur ráðið miklu um það hvernig framhaldið verður. Ef útlendu verkafólki er tekið opnum örnum, eins og öðrum nýjum starfsmönnum, er trúlegt að það

sé fljótara að aðlaga sig nýjum síðum og staðháttum. Mikilvægt er að nýir starfsmenn mæti vinsemd og hjálpsmi frá þeim sem fyrir eru. Þetta er ekki síst þýðingarmikið þegar útlendingar eiga í hlut. Stéttarfélagunum ber skylda til að sinna sérstaklega félagsmönnum sínum sem koma frá fjarlægum löndum. Rit á þeirra tungumáli um réttindi og skyldur, fræðsla og kynning á vinnustað og í húsakynnum stéttarfélaganna er sömuleiðis ein leið til að auðvelda viðkomandi einstaklingum að lifa og starfa í nýju landi.

Eflingarblaðið til fyrirmyndar

Í Eflingarblaðinu hafa birst greinar einmitt í þessum tilgangi. Slíkt er til fyrirmyndar. Næstu skref gætu verið að

auka fræðslu og umræður meðal félagsmanna, jafn íslenskra sem útlendra, og eyða þannig vanþekkingu og hugsanlegum fordómum. Slíkt starf er mikilvægur þáttur í því að móta þjóðfélag þar sem fólk af ólíku bergi brotnu geti deilt jöfnum lífskjörum óháð uppruna sínum, kynþætti eða trú. Slíkt starf er einnig þáttur í því að koma í veg fyrir myndun stjórnmálaflokka, sem nærast á fordómum og kynþáttahatri.

Tryggvi Þór Aðalsteinsson er nýráðinn framkvæmdastjóri samtaka fræðslusambanda og lýðháskóla fræðslusambanda í Örebro léni í Svíþjóð. Hann var áður framkvæmdastjóri í ABF í Örebro og MFA á Íslandi.



allir anda léttar



Securitas
öryggi

ef þú byrjar flugið á bílnum

Komdu á bílnum að Leifsstöð næst þegar þú ferð utan. Við setjum hann í örugga geymslu meðan þú ert erlendis, þrifum hann ef þú vilt og við heimkomu stígur þú upp í hann tandurhreinan. Enginn þarf að vakna um miðja nótt til að skutla þér. Enginn þarf að fá frí úr vinnu til að sækja þig.

Tryggðu þér Securitas öryggi

Njóttu góðrar ferðar.





Hvað langar þig að gera þegar þú hættir að vinna?

Láttu draumana rætast með Lífsvali

Því fyrr sem þú hugar að framtíðinni því meiri eru möguleikarnir á að láta framtíðardraumana rætast. Lífsval, lífeyrissparnaður Sparisjóðsins er traust leið fyrir þig til að ná fjárhagslegu öryggi á efri árum. Þjónustufulltrúar Sparisjóðsins hjálpa þér við að velja hentuga ávöxtunarleið.

Helstu kostir Lífsvals

- Engin upphafspóknun
- Góð ávöxtun
- Sparnaður greiddur við örorku
- Sveigjanleg starfslok
- Sömu lífsgæði á efri árum
- Sparnaðurinn erfist

